

## **Börnin og tæknin – þekkjum veröld þeirra.**

Nútímabörn eru börn upplýsingatækninnar. Yngri og yngri eru börn komin með farsíma upp á vasann, farin að tala saman á spjallrásum og nýta sér Netið til samskipta, upplýsingar og afþreyingar. Leiðsögn okkar foreldra um þennan heim er því orðin órjúfanlegur þáttur í uppeldishlutverkinu.

Það er mikilvægt að foreldrar fylgist með netnotkun barna sinna og viti um það hvort þau hafa eigin heimasíðu eða bloggsíðu og hvort þau eru að nota spjallrásir, t.d. Msn í samskiptum við vini sína. Best er að ræða þessi mál við börnin, heimsækja síður þeirra reglulega og skrifa í gestabókina þannig að þau sjái að foreldrarnir hafa komið í heimsókn. Þá er líka auðveldara að bregðast við ef þau verða fyrir áreiti af einhverju tagi. Ég hef heyrt foreldra tala um að það sé einhvers konar innrás í einkalíf barns eða unglings að fylgjast með bloggsíðum þeirra eða heimasíðum. Þetta er hættulegur misskilningur því það sem sett er á Netið er opinbert efni. Einkalíf er ekki til á Netinu. Við getum t.d. farið inn á leitarvef og slegið inn hvaða nafn sem er. Þá birtast bloggsíðurnar í röðum og við getum lesið blogg allra sem heita viðkomandi nafni.

Eitt af því sem veldur áhyggjum eru umgengnishættir á Netinu. Mörgum finnst þær almennu reglur um samskipti sem við höfum hingað til haft í heiðri ekki hafa færst yfir á samskipti á Netinu. Það virðist einnig vanta talsvert á að allir átti sig á því að Netið er opinber vettvangur. Þegar við notum Netið, símann, eða hvorttveggja í senn, gilda að sjálfsögðu sömu reglur um umgengni við annað fólk og gilda í hinu áþreifanlega umhverfi. Það gleymist líka oft að það sem einu sinni er komið á Netið er erfitt – eða ómögulegt - að fjarlægja. Mynd sem einhver setur á Netið í gríni eða reiðikasti er hægt að fjarlægja þegar viðkomandi áttar sig. En í millitíðinni getur einhver annar hafa vistað myndina í tölvunni hjá sér og getur sett hana á Netið þegar honum eða henni sýnist. Við þurfum því að fara varlega þegar við setjum efni inn á Netið og hafa það sífellt í huga að við erum úti á meðal fjölda fólks þegar við erum á Netinu. Kurteisi og tillitssemi eiga að einkenna samskipti okkar þar, rétt eins og þegar við hittum fólk augliti til auglitis.

Netið er óþrjótandi brunnur upplýsinga og skemmtunar og sífellt fleiri miðlar tengjast því með æ auðveldari hætti. Sýndarveruleikinn er orðinn stór hluti þess veruleika sem börnin okkar alast upp í og koma til með að lifa í sem fullorðnir einstaklingar. Til þess að geta orðið virkir einstaklingar þurfa þau að taka þátt í þessari þróun og rétt eins og við kennum börnum okkar að haga sér í umferðinni til þess að varna því að þau lendi í slysum, er nauðsynlegt að kenna þeim að fóta sig á Netinu. Mest af netnotkun barna fer fram á heimilum og því er nauðsynlegt fyrir foreldra að fylgjast með og afla sér lágmarkspækingar á möguleikum Netsins. Margir foreldrar finna hins vegar til vanmáttar gagnvart allri þeirri tækni sem börnin þeirra virðast hafa fullt vald á. Góð leið til að bæta úr þessu og auka um leið samskipti foreldra og barna er að fá börnin og unglingana til að kenna þeim fullorðnu að nota þennan miðil. Um leið er hægt að ræða um eðli Netsins sem opinbers vettvangs og hvernig best er að haga sér á Netinu til þess að geta notið alls þess jákvæða en kunna um leið að varast hætturnar.

Á vefsíðu SAFT, [www.saft.is](http://www.saft.is) er að finna góð ráð fyrir foreldra og kennsluefni fyrir börn um örugga netnotkun. Það er góð leið fyrir foreldra að fara í gegnum þetta námsefni með börnunum. Á vefsíðunni er einnig að finna ýmsar fréttir, upplýsingar og tengla sem varða þetta efni.

#### Hvað er SAFT?

SAFT – Samfélag, fjölskylda og tækni er vakningarverkefni um jákvæða og örugga notkun barna og unglunga á Netinu og tengdum miðlum. Verkefnið er unnið af Heimili og skóla – landssamtökum foreldra og er til tveggja ára, frá 1. október 2004 – 30. september 2006. Það er unnið innan aðgerðaáætlunar Evrópusambandsins og með styrk frá sambandinu. Samningsaðili við ESB er Menntamálaráðuneytið sem hefur falið Heimili og skóla alfarið að sjá um skipulagningu og framkvæmd verkefnisins.

Nánari upplýsingar um verkefnið: [www.saft.is](http://www.saft.is)